

## GJALDSKRÁ

### fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Seltjarnarnesi.

#### 1. gr.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld vegna útgáfu á byggingarleyfum sem byggingarfulltrúi samþykkir og/eða bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestir.

Jafnframt skal greiða gjöld vegna byggingarleyfisumsókna og annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir.

#### 2. gr.

Fjárhæð leyfis og þjónustugjalda skal vera eftirfarandi:

<i>Byggingarleyfisgjald</i>	kr.
Fast gjald vegna móttöku umsókna	5.200
Rúmmetragjald pr. byggðan m <sup>3</sup> í nýbyggingu að hámarki 50.000 m <sup>3</sup>	52

#### *Yfirferð séruppdráttá*

(burðarþols-, lagna- og séruppdrættir aðalhönnuða)

Einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir	39.200
Fjölbýlishús og 6 íbúðir og fleiri	76.000
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði allt að 2000 m <sup>3</sup> brúttó	58.500
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði 2000 m <sup>3</sup> og stærra	72.100
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbyggingar, bílg., anddyri, sólstofur o.fl.	13.500

Í tilvikum sem nauðsynlegt er að láta yfirfara aðra séruppdrætti s.s. raflagnateikningar og teikningar af vatnsúðakerfum skal leyfishafi greiða gjald sem nemur sannanlegum útlögum kostnaði.

#### *Úttektir*

Almenn úttekt	3.200
Lokaúttekt	9.500
Einbýlis-, par- og raðhús á einni hæð (10 útt. + lokaúttekt)	41.500
Einbýlis-, par- og raðhús á tveimur hæðum (12 útt. + lokaúttekt)	47.900

Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði allt að 2000 m <sup>3</sup>	56.600
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði 2000 m <sup>3</sup> og stærri	76.800
Fjölbýlishús, gjald pr. matshluta	70.400
Aðrar minni byggingar, lágmark 3 úttektir á 3.200, kr./útt. + lokaúttekt á 6.400 kr.	16.000

#### *Mælingar*

Útsetning (1 fin útsetning og 1 eftirmæling). Án VSK	54.800
--	--------

#### *Vottorð/úttekt*

Fokheldisvottorð með úttekt	7.700
Stöðuúttektarvottorð (ófullgert húsnæði tekið í notkun)	9.500

*Húsaleiguúttektir*

Gjald pr. fermetra vegna íbúðarhúsnæðis Að hámarki kr. 9.900, fyrir íbúðarhúsnæði	18,95
Gjald pr. fermetra vegna atvinnuhúsnæðis	10,25

*Veitingahús*

Úttekt vegna vínveitingaleyfis	7.700
--------------------------------	-------

*Annað*

Gjald fyrir hvert útkall byggingarfulltrúa þar sem verkið er ekki úttektarhæft	3.800
--	-------

Byggingarfulltrúa er heimilt í sérstökum tilfellum að innheimta gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangskonunnun o.fl., enda hafi verið stofnað til sannanlegs kostnaðar vegna tilviksins.	4.900
--	-------

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Verði byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal nýtt byggingarleyfisgjald vera helmingi lægra en að ofan greinir. Fast gjald helst þó óbreytt.

## 3. gr.

Byggingarleyfisgjöld og gjöld fyrir yfirferð á séruppdráttum, úttektum og mælingum skulu ákvarðast og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis.

Fast gjald fyrir byggingarleyfisumsóknir greiðist við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Önnur gjöld, svo sem vegna vottorða, húsaleiguúttekta, úttekta vegna vínveitingaleyfa og óþarfa úttekta, gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

## 4. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 (304,7) og skulu breytast eftir byggingarvísitölu í janúar ár hvert.

## 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarness þann 27. apríl 2005 samkvæmt heimild í 53 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Áður gildandi og birt (nr. 499/2005) gjaldskrá fellur úr gildi frá og með birtingu þessarar gjaldskrár.

*Seltjarnarnesi, 6. júní 2005.*

**Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri.